



SKÝJABORGIR

FRÍSTUNDAHEIMILI
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



Aðgerðaráætlun Skýjaborga 2025-2026

Frístundaheimilið Skýjaborgir heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörnin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Skýjaborgir þjónustar börn á aldrinum 6-7 ára í Vesturbæjarskóla.

Forstöðumaður er Hrönn Jónsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Marsibil Lía Þórðardóttir.

Starfsmenn eru 12 og margir með fjölbreytta menntun og reynslu.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2025-2026 eru unnar út frá Menntastefnu

Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2030. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026.

Skýjaborgir fylgir starfsáætlun Tjarnarinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu Tjarnarinnar

<https://reykjavik.is/tjornin>

Þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

Aðgerðaráætlun hverrar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni

Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi

Leiðarljós

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk og framtíðarsýn

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera Fram sækiað forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og þka. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

Framsækni - gott getur alltaf orðið betra!

Umhyggja - okkur er ekki sama!

Fjölbreytileiki - með opnum hug opnast dyr!

Um aðgerðaráætlunina

Aðgerðaráætlun er í takt við skólaárið og nær frá 23.ágúst. 2025.- ágúst 2026. Hér á eftir munum við lista upp helstu verkefnin og viðburðina sem eru í hverjum mánuði starfsársins fyrir sig. Þess ber að gæta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áherslur þætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum. Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smíðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum hugðarefnum þegar formlegri dagskrá skólans sleppir og að fá útrás fyrir hreyfipörf sína náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái það mesta út úr veru sinni í frístundaheimilinu. Áhersla er lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu og með því að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með bæði orðmynd og mynd. Þannig náum við líka að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Við erum einnig dugleg að nýta okkur bókasöfnin í hverfinu og erum í góðu samstarfi við skólabókasafnið.

Við vinnum út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frítímaþjónustu í Reykjavík til 2030

Menntastefna Reykjavíkurborgar er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgðu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar, þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa

hugmyndakassa þar sem þau geta sett hugmyndir og tillögur til starfsmanna hvenær sem þeim dettur í hug og úr þeim er unnið. Við minnum reglulega á hugmyndakassann og bjóðumst til að aðstoða börnin við að koma hugmyndum sínum í kassann. Á starfsmannafundum förum við yfir hugmyndir og reynum að framkvæma þær eftir bestu getu.

Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem þau þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, vísindatilraunir, leiklist, ljósmyndum o.s.frv.

Nálgun við gerð aðgerðaráætlunar:

Við gerð þessarar aðgerðaráætlunar var leitast við að hafa víðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið og var hugmyndakassinn látinn ganga í heimakrók. Einnig var leitað til foreldra og þeir hvattir til að koma tillögum um verkefni eða betrubætur á starfinu til forstöðumanna sem gætu nýst í þessari vinnu.

Síðast en ekki síst voru starfsmenn virkir í vinnunni og koma með ýmsar góðar tillögur að verkefnum þar sem við náum að koma framangreindum markmiðum og áherslum í aldursviðeigandi og áhugahvetjandi verkefni fyrir krakkana.

Helstu dagsetningar

Ágúst

Ráðning nýrra starfsmanna, starfsmenn og börn kynnast og samstillast starfið. Valkerfið sett af stað og teknar myndir af börnunum.

- Ráðning nýrra starfsmanna
- *20. ágúst:* Síðasti dagur í sumarfrístund.
- *21. ágúst:* Starfsdagur frístundaheimila Tjarnarinnar
- *22. ágúst:* Skólasetning - Lokað á Skýjaborgum
- *25. ágúst:* Fyrsti dagur vetrarfrístandar fyrir börn í 2. bekk sem fengið hafa pláss
- *26. ágúst:* Opnar vetrarfrístanda fyrir börn í 1. bekk.

September

- Klúbbastarfs hefst og foreldrakynning.
- Þema: Heilsuvika
Í september er lögð áhersla á útiveru og nærumhverfi.
- Klúbbastarf byrjar
- Kynnum vináttuþjálfunarverkefnið fyrir starfsmönnum
- 22.-26. Heilsuvika - fyrsta sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar
- 30. sept Starfsdagur í Vesturbæjarskóla/ lengd viðvera í Skýjaborgum

Október

- Þema: Vísinda og tilraunavika og vetrarfrí.
- 01.-02.október Lengd viðvera/samráðsdagar
- 13.-17. október: Vísinda og tilraunavika
- 23. Okt Starfsdagur og lokað á Skýjaborgum. Fræðslunámskeið fyrir starfsmenn
- 24, 27 og 28. október: Haustfrí/Vetrarfrí. Lokað á Skýjaborgum
- Fjölskylduviðburður í vetrarleyfi í boði Tjarnarinnar.
- 31. október: Hrekkjavaka
- Foreldraviðtöl auglýst

Nóvember

- Þema: Barnaréttindavika og undirbúningur fyrir jólamarkað.
- 8. nóvember Baráttudagur gegn einelti. Unnið með eineltisfræðslu og forvarnir.
- 10. Nóveber: Lengd viðvera
- 17-21. nóvember: Réttindavika barna. Þemavika í tilefni afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og til að minna börnin á réttindin sín. Þriðja sameiginlega þemavika FH Tjarnarinnar.
- Undirbúningur fyrir jólabasar

Desember

- Þema: Jólamarkaður og Jólafrí.
- Jólaföndur og jólagleði
- 11. desember: Jólamarkaður fjölskyldunnar til styrktar SOS
- 22,23, 29, 30, Desember og 2. Janúar: lengd viðvera á Skýjaborgum vegna jólaleyfis
- 24, 25, 26,desember. 01. Janúar: Jólafrí Lokað í Skýjaborgum

Janúar

- Klúbbastarf hefst að nýju – Foreldrum býðst að koma í viðtal til stjórnenda Skýjaborga.
- Þema: Fjölmennning
- *02. janúar:* -Lengd viðvera á Skýjaborgum
- *12-16. janúar:* Vika fjölmennning.
- Hugmyndavinna fyrir Barnamenningarhátíð
- *28.-29. janúar:* – lengd viðvera á Skýjaborgum vegna samráðsdaga í Vesturbæjarskóla

Febrúar

- Vetrarfrí og skráning vegna næsta skólaárs.
- Þema: Miðlalæsi
- Klúbbastarf heldur áfram
- *06. febrúar* Lengd viðvera
- *09.-13. febrúar:* Miðlalæsisvika
- Skráning á umsókn.fristund.is vegna Skólaárs 2026 – 2027
- *19. og 20. febrúar:* Vetrarleyfi lokað á Skýjaborgum
- *20. Fjölskylduhátíð*
- Starfsþróunarsamtöl

Mars

- Þema: Umhverfisvikan
- *16.-20.. mars* Umhverfisvika
- *30.-31. Mars heilir dagar um páska*

Apríl

- Páskafrí og Barnamenningarhátíð.
- Þema: Barnamenning
- *20.-24. apríl:* Barnamenningarvika
- *30,31, mars 01. apríl:* Heilir dagar á Skýjaborgum
- *24.apríl:* Sumardagurinn fyrsti. Lokað á Skýjaborgum
- Kynna sumarstarfið fyrir foreldrum

Maí

- útivera

Í maí er lögð áhersla á útiveru og vettvangsferðir um nágrenni Vesturbæjarskóla.

Hið „árlega“ Regnbogahlaup frístundaheimilanna fer fram 15. maí
Þema: Fjölbreytileiki

- 04. maí: lengd viðvera
- 15. maí: Regnbogahlaupið
- 14. maí: Uppstigningardagur. Lokað á Skýjaborgum

Júní

-

Skólaslit eru 10. júní og þann dag er skipulagsdagur á Skýjaborgum og því lokað í frístund.

- 09. júní: Lokað á Skýjaborgum
- 10. júní. Lokað á Skýjaborgum Skólaslit
-

Sumarfrístunda hefst auglýst síðar

Júlí

- LOKAÐ